

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**
www.vverk.is

Hábrýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögun
Sími: 456 6600

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is



Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

 Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

 **Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 13. september 2007 · 37. tbl. · 24. árg.

Vestfirðir eru góður vettvangur fyrir refarannsóknir

– rætt við líffræðinginn Ester Rut Unnsteinsdóttur sem vinnur að uppsetningu hins fyrsta melrakkaseturs á Íslandi sem staðsett verður í Álftafirði. Ester hefur kynnt sér tófuna vel og meðal annars unnið að rannsóknum á Hornströndum. Hún segir refinn vera merkisdýr sem er afar fágætt á heimsvísu. Sjá nánar miðopnu.



Lítilsháttar fólksfækkun

Íbúum á Vestfjörðum fækkaði um fjóra frá 1. júlí 2006 til 1. júlí 2007, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um miðárs-mannfjölda. Í fyrra voru íbúar Vestfjarða 7.523 en eru 7.519 í ár, og er fækkunin upp á 0,05%. Þetta er töluvert minni fækkun en frá 2005 til 2006, þegar fækkaði um 2%. Alls hefur Vestfirðingum fækkað um 1.283 frá árinu 1997, þegar þeir voru 8.802 talsins. Er það fækkun upp á 14,6%.

Til samanburðar má geta þess að á höfuðborgarsvæðinu hefur íbúum fjölgað um 19,6% á sama tíma, úr 162.653 í 194.460. Á Suðurnesjum fjölgaði íbúum um 23,9%, úr 15.694 í 19.444. Íbúum á Vesturlandi fjölgaði um 8,5% á tímabilinu, úr 13.990 í 15.175. Íbúum á Norðurlandi vestra fækkaði, líkt og íbúum Vestfjarða, nema lítið eitt minna eða um 11,8%. Íbúum á Norðurlandi eystra fjölgaði úr 26.718 í 27.259, eða um 2%.

– tinna@bb.is

Lagt til að SPVF sameinist tveimur öðrum sparisjóðum

Forsvarsmenn Sparisjóðs Vestfirðinga, Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda hafa ákveðið að leggja til við stjórnir sjóðanna að þeir verði sameinaðir. Eiríkur Finnur Greipsson, aðstoðarsparisjóðsstjóri SPVF, staðfesti þetta í samtali við blaðið. „Umræður um sameiningu við aðra sparisjóði hafa verið lengi í gangi, bæði formlega og óformlega“, segir Eiríkur. „Nú í haust barst stjórn Sparisjóðs Vestfirðinga bréf frá Sparisjóðnum í Kefla-

vík með fyrirspurn um sameiningarviðræður. Nú hefur verið ákveðið að leggja til við stjórn sjóðanna að sameiningartil-laga verði afgreidd á fundi stofnfjáraðila sem verður að öllum líkindum haldinn í nóvember.“

Gert er ráð fyrir að auka stofnfé í 5,7 milljarða króna í tengslum við sameininguna. Eigið fé sameinaðs sjóðs mun nema um 21 milljarði króna og telja forsvarsmenn sjóðanna ljóst að með sameiningunni geti sjóðirnir sinnt enn



stærri verkefnum og eflt þjónustu við viðskiptavinina sína.

Eiríkur segir það vera nauðsynlegt fyrir Sparisjóð Vestfjarða að stækka í því fjármálaumhverfi sem er í dag.

„Við getum ekki boðið viðskiptavinum okkar upp á ásættanleg kjör með óbreyttu fyrirkomulagi. Sparisjóðurinn þarf að vera samkeppnishæfur, sameiningin yrði í takt við

þær breytingar sem hafa orðið á fjármálaumhverfinu á síðustu árum. Við getum ekki breytt þróuninni. Sparisjóður Keflavíkur hefur áður sameinast öðrum sparisjóði, Sparisjóði Ólafsvíkur og hefur ríkt mikil ánægja með þá sameiningu.“

Eiríkur segist vonast til þess að sameiningin verði samþykkt en segist ekki geta sagt til um hvenær hún gangi í gegn, samþykki stofnfjáraðilar hana.

– tinna@bb.is

Lítil heimur... hugsum stórt

 **EIMSKIP**
www.eimskip.is

Dagurinn í dag

13. september 2007 – 256. dagur ársins

Þennan dag árið 1894 var frídagur verslunarmanna haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í Reykjavík. Síðar var hann fluttur fram í byrjun ágúst. Þennan dag árið 1934 var Rótaryklúbbur Reykjavíkur stofnaður. Þetta var fyrsti klúbburinn hér á landi.

Kristjana kjörinn formaður

Kristjana Sigurðardóttir var einróma kosin formaður barnaverndarnefndar norðanverðra Vestfjarða á síðasta nefndarfundum. Kristjana var eini nefndarmaðurinn sem gaf kost á sér og tekur hún við af Laufeyju Jónsdóttur. Á fundinum var lagt fram yfirlit yfir sískráningu barnaverndarmála á norðanverðum Vestfjörðum í ágúst en þá bárust nefndinni 14 tilkynningar. Nefndarmönnum var einnig greint frá rannsókn sem Barnaverndarstofa ætlar að gera til að varpa skýrara ljósi á umfang og viðbrögð við líkamlegu ofbeldi gagnvart börnum.

– thelma@bb.is



Hróarskelda slítur vinabæjarsamstarfi

Hróarskelda í Danmörku hefur sagt upp öllum vinabæjum sínum, Ísafirði þar á meðal. „Danir eru um þessar mundir að horfa meira á verkefni innan Evrópusambandsins og telja sig hafa meira upp úr þeim en vinabæjarsamstarfi“, segir Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Halldór segir að vissulega hafi verið skemmtilegt að hafa Hróarskeldu, einn þekktasta bæ í Danmörku, sem vinabæ. Hróarskelda hefur verið vinabær Ísafjarðar

í áratugi og gefið jólatré til staðarins í fjölda ára.

„Ég á ekki von á því að Ísafjörður leiti sérstaklega eftir nýjum vinabæ. Hins vegar berst Sambandi íslenskra sveitarfélaga reglulega beiðnir frá bæjum í Austur-Evrópu um að taka upp vinabæjartengsl við bæi á Íslandi. Það hefur ekki verið rætt formlega, en mér fundist áhugavert að skoða vinabæjarsamband við bæ í einhverju Eystrasaltslandanna“, segir Halldór.

– tinnu@bb.is

Tean Titans og Kool And The Gang sigruðu í ruddabolta



ÍSAFJARÐARBÆR

VERKEFNISSTJÓRI

Atvinnuálagnefnd Ísafjarðarbæjar auglýsir eftir verkefnisstjóra í tveggja ára verkefni.

Verkefnið er að stýra átaki til atvinnusköpunar á norðanverðum Vestfjörðum í samstarfi Ísafjarðarbæjar og fleiri aðila. Það snýst m.a. um að halda námskeið um stofnun fyrirtækja og rekstur og gera það aðgengilegra að stofna fyrirtæki og afla hlutfjár. Markmiðið er að skapa 50 ný störf með þessu átaksverkefni.

Verkefnisstjórnin er auglýst valkvæð þannig, að annars vegar kemur til greina að ráða einstakling beint í starfið, en hins vegar að starfið standi ráðgjafafyrirtæki til boða gegn því að það verði stofnað og/eða staðsett í Ísafjarðarbæ. Umsóknarfrestur er til 21. september.

Upplýsingar veitir bæjarstjóri í síma 450 8000 eða í netfangi bstj@isa fjordur.is eða bæjarritari í síma 450 8000 og netfangi thorleifur@isafjordur.is.

Umsóknir verði sendar til bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, 400 Ísafirði, merktar verkefnisstjóri.

Liðið Tean Titans sigraði í karlaflokkum og Kool And The Gang í kvennaflokkum í ruddaboltamóti Nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði sem haldið var á gervigrasvælinum á Torfnesi á föstudag. Þetta var í annað sinn sem keppt er í íþróttinni við MÍ en henni svipar mjög til fótbolta nema að því leyti að engar reglur eru í ruddabolta.

Eins og nafnið gefur til kynna er því um frekar grófan leik að ræða sem væntanlega er ekki fyrir viðkvæma. Átta manns eru í hverju liði og

keppt var í kvenna- og karlaflokkum. Á síðasta ári kepptu 10 lið í Ruddaboltamóti NMÍ. Í ár voru þau 12 og voru alls rúmlega 100 keppendur og er því talið ljóst að Ruddaboltinn er búinn að festa sig í sessi sem einn af árlegu viðburðum NMÍ.

Þess má geta að nóg að gerast hjá NMÍ þessa dagana en framundan er óvissuferðin sem verður farin 21. september og vikuna eftir hana er hið árlega Skrall á dagskrá.

– thelma@bb.is



Jólatré frá Hróarskeldu hafa prýtt Silfurtorg yfir jólahátíðina undanfarin ár.

Stofnun nýs fiskvinnsluskóla

Visindaport Háskóla seturs Vestfjarða hóf göngu sína á ný eftir sumarfrí á föstudag. Í fyrsta Visindaporti vetrarins kynntu viðskiptafræðinernir Kjartan Már Másson og Valgeir Eliasson frumniðurstöður rannsóknar um það

hvort að grundvöllur sé fyrir hendi að stofna nýjan fiskvinnsluskóla. Rannsóknin er lokaverkefni þeirra í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Meðal þess sem skoðað er í verkefninu er af hverju fyrri skólar hættu starfsemi og efað grundvöllur er fyrir nýjum skóla, hvernig ætti sá skóli að vera og með hvaða hætti ætti að reka hann. Valgeir Eliasson er 36 ára viðskiptafræðinemi við Háskólann í Reykjavík. Samhliða námi starfar hann við bókhald hjá verktakafyrirtækinu B. Markan Pípulögnum ehf. Áður en hann hóf háskólanám starfaði hann sem upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar árin 2001-2005 en þar á undan var hann sölumaður hjá 66°N árin 1995-2001.

Kjartan Már Másson er 37 ára viðskiptafræðinemi við Háskólann í Reykjavík. Samhliða námi starfar hann sem sölustjóri hjá Kornax&Lífland. Áður en hann hóf nám við Háskólann í Reykjavík starfaði hann aðallega við sölu og markastörf, m.a. hjá Egilsson hf. árin 1998-2004.

Meiraprófsnámskeið

Ísfirðingar og nágrannar athugið!

Námskeið til aukinna ökuréttinda hefst
Þriðjudaginn 18. september nk.

**ATH! Verkalýðsfélög greiða allt að
100 þúsund krónur af námskeiðsgjaldi!**

ATH! Höfum fest kaup á glæsilegri Mercedes Bens Actros vörubifrei árg. '99!

Skráning í sínum 581 2780, 892 6570 og 892 6571
Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða



SÍMI 581 2780

ÖRUSKÓLI
S.G.

LEIGUBIFREIÐ · VÖRUBIFREIÐ · HÓPBIFREIÐ

Veturnætur fagna 10 ára afmæli

Lista- og menningarhátíðin Veturnætur verður haldin í Ísafjarðarbæ í tíunda sinn dagana 25.-28. október. Hátíðin var fyrst haldin árið 1997 en var endurvakin fyrir fjórum árum og hefur hún síðan verið fastur liður í mannlífni á svæðinu í kringum vetrardaginn fyrsta. Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar heldur utan um Veturnætur en hátíðin var upphaflega einkaframtak öflugis áhugahóps sem unnið hefur að menningar- og ferðamállum á Ísafirði.



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

Vill breyta fyrirkomulagi bæjarstjórnarfundu

Ingi Þór Ágústsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ vill breyta fyrirkomulagi bæjarstjórnarfundu. Ingi segir að ríkjandi fundarform sé of tímafrekt og skili minni árangri. „Núverandi fyrirkomulag er þannig að allar fundargerðir bæjarráðs og fundargerðir þeirra nefnda sem hafa komið fyrir bæjarráð eru teknar fyrir á bæjarstjórnarfundinum. Nú þegar bæjarstjórn hefur verið í frí er listinn yfir umræðuefni langur, allt sumarið er í raun til umræðu. Bæjarráð hefur haft ákvörðunarrétt í sumarfrí bæjarstjórnar og þó að bæjarstjórn geti snúið ákvörðun bæjarráðs þarf þess sjaldan“, segir Ingi og segir því umræðu um allar fundargerðir í raun óþarfá.

„Fyrsti fundur bæjarstjórnar í fyrra var frekar langur, eða um 7 tímar“, bætir Ingi við. Hann segir einnig að erfitt sé að ræða aðkallandi mál, hafi ekki verið fjallað um þau á fundum nefnda sveitarfélagsins.

Ingi Þór leggur til að fetað verði í fótspor Akureyringa, en þar á bæ hittast oddvitar flokkanna með forseta bæjarstjórnar fyrir hvern bæjarstjórnarfund og ákveða hvaða mál á að ræða á fundinum. Ingi segir að þannig yrði samkomulag milli flokka

hvaða mál væru rædd á fundinum.

„Þau mál sem ræða á gætu verið eitthvað úr fundargerð bæjarráðs eða eitthvað annað mál sem oddvitar kæmu sér saman um að ræða t.d. skipulagsmál, mál er brenna heitt á bæjarbúum hverju sinni eða til að taka á einhverju sem hefur komið upp o.s.frv.“, segir Ingi. „Í dag er slíkt erfitt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar nema að viðkomandi bæjarfulltrúi geti fundið einhverja liði í fundargerð bæjarráðs eða nefnda til að ræða þau undir. Oft er slíkt ekki hægt og því oft erfitt að tala um mál sem brenna mikið á bæjarfulltrúum hverju sinni.“

Ingi segir að sér þætti gaman að athuga hvernig aðferð Akureyringa myndi koma út á Ísafirði. Hann telur að með henni myndu fundirnir stytta og þeir yrðu markvissari. Þá væri hægt að ræða um mál sem koma upp í sveitarfélaginu um leið og þau koma upp, en ekki vikum seinna eins og Ingi segir að hafi gerst í Ísafjarðarbæ.

Þess má geta að fyrsti fundur bæjarstjórnar á þessum vetri varði fram yfir miðnætti.

– tinna@bb.is

Mikil fjölgun á gistirými á Vestfjörðum á sjö árum

Framboð gistirýmis á Vestfjörðum hefur aukist um 54% á síðustu sjö árum, samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar. Herbergjum og rúmum á gistiheimilum hefur fjölgað úr 274 frá árinu 2000 í 424. Frá árinu 2000 til 2006 fjölgaði gistiheimilum úr 20 í 27, sem er 35% aukning. Hins vegar voru þrjú hótél á Vestfjörðum árið 2000, en nú er einungis eitt slíkt í fjórðungnum, eða Hótél Ísafjörður. Hótelherbergi voru 77 fyrir sjö árum, en eru 36 í dag og hefur því fækkað um 53%, en hótelrúmum fækkar um 58%, voru 172 en eru 72 í dag.

MEGAS & SENUÞJÓFARNIR



EDINBORGARHÚSIÐ - ÍSAFIRÐI

Laugardaginn 15. september

Húsið opnar kl. 20:00

Forsala á tónleikana er hafin í verslunum Skífunnar, BT og á midi.is

ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ Í ÞJÓNUSTUVER GLITNIS Á ÍSAFIRÐI

Við leitum að kraftmiklum starfsmönnum í lið þjónustufulltrúa þjónustuvers Glitnis. Vinnutími er frá kl. 9 til 17.

Helstu verkefni

- Þjónusta við viðskiptavinum í síma
- Sala á þjónustupáttum bankans
- Að veita framúrskarandi þjónustu

Hæfniskröfur

- Tölvuþekking
- Frumkvæði
- Þjónustulund
- Söluhæfileikar
- Sveigjanleiki
- Aðlögunarhæfni
- Jákvæðni og samvirkusemi

Nánari upplýsingar veitir Hallfríður Jónasdóttir, forstöðumaður, netfang hallfridur.jonasdottir@glitnir.is, sími 440 3710, eða Kolbrún Jónasdóttir, viðskiptastjóri, netfang kolbrun.jonasdottir@glitnir.is, sími 440 3731.

Umsóknir óskast fylltar út á www.glitnir.is og sendar ásamt ferilskrá fyrir 24. september nk. Tengiliður á mannauðssviði er Elísabet Hilmarsdóttir, sími 440 4163, elisabet.hilmarsdottir@glitnir.is.

GLITNIR

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Háls- nef- og eyrna-læknir á Ísafirði

Ólafur Guðmundsson læknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 27. – 29. september.

Tímáptanir í síma 450 4500, á milli kl. 8,00 - 16,00 alla virka daga.

SALA ÚTSALA ÚTSALA Ú

20-70% afsláttur 20-70% a



Við berjum niður

verðið!



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert máli



Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavinanna

Viðskiptavinir Vodafone í fyrsta sæti

Kynntu þér nýjustu tilboð okkar og þjónustu
hjá Pólnum, umboðsaðila Vodafone á Ísafirði.

Gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone

Fóru í fjallgöngu og berjamó

Börnin í 3. bekk Grunnskólans á Ísafirði fóru í fjallgöngu á fjallið Hnifa í mynri Skutulsfjarðar í síðustu viku. „Sú hefð hefur skapast hér við skólann að allir bekkir fara í fjallgöngu á haustin og nú er sá tími runninn upp þar sem nemendur eru á ferð með umsjónarkennurum sínum, foreldrum og fleira góðu fólki um fjöll og firnindi í orðsins fyllstu merkingu“, segir Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, umsjónarkennari í 3. bekk. Börnin höfðu með sér berjabox í fjallgönguna enda mátti sjá svartar þúfur af berjum, bæði krækiberjum og aðalbláberjum. „Fimur fingur fóru um lyngið og hver dollan af annarri fylltist auk þess sem eitthvað af þessu góðgæti fór niður í maga, eins og vera ber. Vel heppnuð ferð enda veðrið eins og best verður á kosið“, segir Ingibjörg.



Ritstjórnargrein

Ofurvald minnihlutans

Ekki að undra að ágreiningnum um kvótakerfið skyti upp á yfirborðið við umdeilda ákvörðun sjávarútvegsráðherra um samdrátt í þorskveiðum. Ný skoðanakönnun staðfesti það, sem ljóst hefur verið frá upphafi: Almennir vill breytingar á fiskveiðistjórnarkerfi, sem í öllu hefur brugðist.

Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins og fyrrverandi forsætis- og sjávarútvegsráðherra reit leiðara í blað sitt 7. ágúst s.l. Í leiðaranum, sem ber yfirskriftina Minnihlutaráð, fjallar hann um aflamarkskerfið og segir m.a.: „Yfirgnæfandi meirihluti (þjóðarinnar) er óánægður með kerfið en aðeins fimmtán af hundraði lýsa ánægju. Það sem meira er: Skoðanakannanir um þetta efni hafa frá upphafi vega verið á þennan veg. Rökrétt er í því ljósi að spyrja hvers vegna þetta almenna viðhorf hefur aldrei endurspeglast í ákvörðunum Alþingis. Furðu gegnir að menn hafa ekki svo heitið geti leitað svara við þessari spurningu í þann aldarfjórðung sem þetta markaðskerfi við fiskveiðistjórnun hefur verið að mótast. Á þessum tíma hafa allir flokkar átt aðild að ríkisstjórn.“ Síðan segir sjávarútvegsráðherrann fyrrverandi: „Sennilega hefur aldrei verið óþvingaður meirihluti fyrir málinu á Alþingi. Meirihluti stjórnarmeirihluta á hverjum tíma hefur borið þessa ábyrgð. Með öðrum orðum: Stærsti minnihlutinn meðal þjóðarinnar og á Alþingi hefur ráðið för.“

Tímabært er að spurt sé: Hvers vegna hefur viðhorf almennings til kvótakerfisins aldrei endurspeglast í ákvörðun Alþingis? Hvers vegna hafa þingmenn allra flokka komist upp með það að lúta í engu vilja yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar? Hvaða ofurvald hefur ráðið ferð? Hvað hefur ráðið því að ekki hefur náðst samstaða á Alþingi fyrir því að stíga fyrsta skrefið út úr þeim vitahring sem kvótakerfið er búið að fanga flest sjávarplássi í? Ritstjórnin svarar í raun spurningunni eftir að hafa tilgreint tvo stjórnsmálamenn sem hlutu þjóðarlov snemma sumars fyrir afdráttarlausa gagnrýni á kvótakerfið: „Hvorugur þessara virtu stjórnsmálamanna hefur á hinn veginn látið sér til hugar koma að lyfta litla fingri til að knýja á um breytingar þar sem þeir sitja og hafa áhrif og völd.“ Í ráðherratíð ritstjórnans var frumvarp tveggja samflokksmanna hans um bann við sölu á kvóta svæft í sjávarútvegsnefnd. „Stjórnsmál eru list“, segir ráðherrann fyrrverandi og undrar engan.

Megin gagnrýni á kvótakerfið snýst um frjálsa framsalið. Halldór Ásgrímsson sagði fyrir kosningar 2003, að framsalið hefði alla tíð verið galli á kvótakerfinu. Í nóvember 2001 sagði þáv. sjávarútvegsráðherra að hann væri alveg tilbúinn að skoða afnám framsalsins. Núverandi sjávarútvegsráðherra hefur lýst því yfir að hann vilji skoða reglur um viðskipti með leigukvóta. Eru líkur á að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar virði meirihluta þjóðarinnar um breytingar á kvótakerfinu? Stígi fyrsta skrefið? Eða eigum við von á að sagan endurtaki sig? Töluð orð séu orðin tóm!

s.h.

Á þessum degi fyrir 33 árum

Sængurföt pólitíkusanna að komast á

Héðan er nú allt gott að fréttu, ekkert sérstakt, nema sunnan blíða og 10 stíga hiti í dag eftir næturkælu að undanfögnu. Menn hér eru nú aðallega að dudda í því að gera að húsum sínum, en það er mikið verið að byggja á mörgum bæjum, mikil mannvirki. Fjárhús er verið að byggja á einum 12 stöðum hér í Djúpinu og meiningin er að auka stofninn. Það fór að rétta aftur úr kútnum þegar grasið byrjaði að spretta aftur. Það lifnar yfir sálinni, þegar grasið grær. Og það er nú lítið hægt að kvarta hjá þessari þjóð, þegar grasið grær á annað borðið og fiskurinn gengur á hitt. Nema náttúrulega, að það er hægt að bíta of stóra bita af kökunni með þeim afleiðingum, að allir fái ekki nóg, og þá horfir til vandræða. Bróðurkærleikurinn mætti vera meira á oddinum, en kannski fer þetta nú að lagast, þeir eru nú að verða búnir að setja sængurfötin á pólitíkusarnir í hjónasænginni.



Háskólasetur Vestfjarða

Samþykkt að stofna Háskóla Vestfjarða

Stofna á Háskóla Vestfjarða og á hann að taka til starfa strax á næsta ári. Þetta var samþykkt á 52. Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var á Tálknafirði um helgina. Þingið hefur falið stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að kalla þegar til fulltrúa Háskólasets, sveitafélaga, rannsóknastofnanna, fyrirtækja og félagasamtaka til undirbúnings málinu. Stefna ber að stofnun sjálfstæðs háskóla strax á næsta ári og hefja kennslu haustið 2008.

Þingið samþykkti fjólmargar ályktanir sem beinast að atvinnumálum, menntamálum, samgöngumálum og um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Meðal annars var skorað á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að gripa strax til raunhæfra aðgerða til styrkingar byggðar á Vestfirðum í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu, sem og að fylgja eftir aðgerðum sem boðaðar voru fyrr á þessu ári í skýrslu nefndar forsætisráðuneytis um eflingu atvinnulífs á Vestfirðum.

„Í skýrslu Bygðastofnunar og Hagfræðistofnunar Há-

skóla Íslands kemur fram að hagvöxtur á Vestfirðum var neikvæður á árunum 1998-2005. Boðaður niðurskurður aflaheimilda mun koma hér til viðbótar og hafa mjög neikvæð áhrif á afkomu einstaklinga, fyrirtækja og sveitafélaga á svæðinu. Því verða þær mótvægisáðgerðir sem gripið verður til að koma til framkvæmda sem fyrst, vera raunhæfar og taka mið af því ástandi sem nú er að skapast“, segir í ályktun.

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál var á þinginu falið að endurskoða stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum frá árinu 2004. „Umfangsmiklar samgöngubætur eru að verða að veruleika á Vestfirðum og eru þær í samræmi við áherslur Fjórðungssambands Vestfirðinga“, segir í ályktun. „Nauðsynlegt er að norðanverðir og sunnanverðir Vestfirðir verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði og nýframkvæmdir í veg- og jarðgangagerð geri það kleift.“

Þingið ítrekaði mikilvægi þess að tryggður verði jafn

aðgangur fyrirtækja, stofnana og heimila að bestu mögulegri háhraðatengingu, á hverjum tíma, á sambærilegu verði og óháð staðsetningu. Það sagði mikilvægt að nýta full yfirráð íslenskra stjórnvalda á ljósleiðara til Vestfjarða til að auka samkeppnishæfni fjórðungsins og lækka verð á gagnaflutningi. Skorað var á stjórnvöld að setja í forgang að ljúka hringtengingu ljósleiðara á Vestfirðum.

Stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands var fagnað á þinginu sem og þeirri ákvörðun að hluti starfseminnar verði á Vestfirðum. Jafnframt var skorað á stjórnvöld að kanna vel mögulega staðsetningu stofnana á Vestfirðum þegar skipulagsbreytingar eru gerðar eða ný verkefni verða til.

Sveitarfélög á Vestfirðum voru hvött til að ljúka gerð sí- og endurmenntunaráætla í samstarfi við fræðslumiðstöð fyrir 1. janúar 2009. Í ályktun segir: „Í nútímaþjóðfélagi hefur gildi símenntunar aukist mjög og nú er svo komið að margar stofnanir og fyrirtæki gera símenntunaráætlun fyrir starfsmenn sína. Breytingar í

þjóðfélaginu og á vinnustöðum eru oft hraðar og til þess að fylgjast með og endurnýja kunnáttu sína eða læra eitthvað nýtt verða starfsmenn sífellt að vera að endurmennta sig.“

Þingið var að þessu sinni tvískipt. Auk hefðbundinna þingstarfa var haldinn vinnufundur um fyrirkomulag á samstarfi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, en samkvæmt samningi frá mars 2004 er rekstur Fjórðungssambands Vestfirðinga á vegum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, en með sjálfstæða stjórn. Til umræðu var að aðskilja þennan rekstur að nýju eða sameina starfsemi þessara aðila og hugsanlega fleiri stofnana er sinna sameiginlegum verkefnum fyrir hönd sveitarfélaga á Vestfirðum. Unnið verður úr niðurstöðu fundarins og stefnt er að nýjum fundi um verkefnið nú síðar í haust.

Tæplega sextíu manns sóttu þingið og voru tveir af hverjum þremur þeirra sveitarstjórnarmenn.

– tinna@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
 Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is – Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, tinna@bb.is – Smári Karlsson, sími 866 7604, smari@bb.is · Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is
 Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukort. · Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X



25% afsláttur **2.659** kr/kg
Verð áður 3.549 kr/kg
Lambafille m/fitu úr kjötborði*

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 13. sept. - 16. sept.

475 kr/kg
Verð áður 679 kr/kg
30% afsláttur
GODI
Kjötbúðingur

309 kr/kg
Verð áður 418 kr/kg
25% afsláttur
Saltkjöt

1.369 kr/kg
Verð áður 1.825 kr/kg
25% afsláttur
Lambalæri hvítlauks-marinerað

425 kr/kg
Verð áður 609 kr/kg
30% afsláttur
Kjúklingalæri með legg. Magnkaup

289 kr
Verð áður 324 kr
OTA Koddar 375 gr

499 kr
Verð áður 684 kr
Ömmu pönnukökur 12 stk
169 kr
Verð áður 213 kr
Ömmu kleinur 12 stk.

259 kr
Verð áður 319 kr
Weetabix 430 gr

109 kr
Verð áður 186 kr
Lays Bugles Original 125 gr

89 kr/stk
Verð áður 108 kr/stk
Íslenskar agúrkur
109 kr/kg
Verð áður 169 kr/kg
Appelsínur

Samkaup úrval

„Bjartasta sýnin er sú að við myndum fá 25% af þeim ferðamönnum sem koma til Vestfjarða yfir sumarið, þá erum við að tala um að ca. 200 manns myndu heimsækja setrið á dag að meðaltali. Það þyrfti því 2-3 starfsmenn í full starf yfir sumartímann.“

Stofnar fyrsta refasetrið á

Ester Rut Unnsteinsdóttir er líffræðingur að mennt en hún hefur unnið nokkur sumur við refarannsóknir á Hornströndum, bæði fyrir Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík og einnig erlenda aðila. Ester þekkir því kannski tófuna betur en margur annar og það kemur sér vel í næsta verkefni hennar þar sem hún vinnur nú að uppsetningu hins fyrsta refaseturs á Íslandi. Ester er í doktorsnámi í dýravistfræði hjá Háskóla Íslands og er nýkomin frá Tromsø í Noregi þar sem hún var skiptinemi við háskólann þar. Hún stefnir á að ljúka doktorsritgerðinni sinni næsta sumar og mun þá útskrifast í kjölfarið. Blaðamaður Bæjarins besta hitti Ester yfir kaffibolla og spurði hana spjörnum um hið fyrirhugaða melrakkasetur og tófuna sem er merkisdýr en talið er að refir hafi búið á Íslandi frá lokum ísaldar, eða í 10.000 ár.

– Fyrstu kynni þín af refum voru þegar þú starfaðir við rannsóknir á refum á Hornströndum, segðu mér aðeins frá því.

„Ég hef unnið sumarvinnu við rannsóknir á refum á Hornströndum. Fyrst árið 1998 þar sem við vorum allt sumarið í Hlöðuvík, en fórum líka til Hælavíkur og Kjaransvíkur. Ög árið 1999 fórum við að öllum þekktum grenjum og kortlögðum þau um leið og við athuguðum með ábúð. Þessi tvö sumur vann ég fyrir Náttúrustofu Vestfjarða. Síðan hef ég farið í styttri verkefni, til að mynda vann ég fyrir fjölþjóðlegan hóp sem hefur verið við rannsóknir í Hornvík síðustu sumur en einnig á eigin vegum. Mest hef ég þó unnið við þetta fyrir Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík.“

– Hvaðan kemur þessi mikli áhugi á refum?

„Ég hafði svo sem ekkert spáð mikið í refi þegar mér bauðst þessi vinna 1998. Ég hafði aldrei komið á Hornstrandir og aldrei séð ref nema í buri í Húsdýragarðinum og á myndum. Áhuginn kviknaði þegar ég byrjaði að vinna í Hlöðuvík. Bæði er svæðið á Hornströndum svo æðislegt og svo er þetta dýr svo merkilegt og eftir því sem ég kynntist refunum betur því meira heillaðist ég af þeim. Tófan hefur fylgt okkur alla tíð og það hefur verið spennan milli mannsins og dýrsins alveg frá upphafi. Sú staðreynd vekur áhuga minn að menn og tófur hafa eldað saman grátt silfur í gegnum aldirnar en samt virðist alltaf hafa verið borin ákveðin virðing fyrir henni. Eftir að hafa verið erlendis hef ég komist að raun um hversu fágæt skepna hún er. Tófan er í útrýmingarhættu í Skandinavíu og hefur verið vernduð í um 70 ár í Noregi og Svíþjóð án þess að stofninn

hafi náð sér á strik. Íslendingar eiga enn sterkan stofn og engar ákvarðanir verið teknar til þess að friða hann, enda hefur ekki verið þörf á því.

Lífshættir íslensku tófunnar eru að mörgu leiti ólíkir þeirrar skandinavísku. Íslenski melrakkinn lifir við aðstæður sem líkjast meira því sem ég sá þegar ég var að vinna á Svalbarða í sumar. Á Íslandi lifir heimsskautatófan fyrst og fremst á fugli en í Skandinavíu er hún læmingjaæta. Ólíkt framboð fæðu kallar á aðra lífshætti og líffræði, til dæmis er munur á frjósemi þessara stofna.“

– Nú hefur um tíma verið í umræðunni að tófan gangi of mikið á fuglinn, hvað finnst þér um það?

„Við höfum svo sem ekki fengið neinn mælikvarða á það. Þessi dýr hafa búið saman frá því löngu áður en maðurinn kom til sögunnar. Í gegnum tíðina hefur bæði verið mikið af fugli og tófu. Ef menn eru að hugsa um bjargfuglinn þá verpir hann á örmjóum syllum, væntanlega til að forðast afræningja. Maðurinn hefur líka nytjað bjargfuglinn í gegnum aldirnar svo líklega er minna gengið á bjargfuglastofna núna en oft áður. Ég er ekki viss um að tófan geti á nokkrum árum haft afdrifari áhrif á fuglalífnið en hún hefur haft áður, þar sem þessi dýr hafa lifað saman svo lengi. En helsta fæðan er náttúrulega fugl þótt refir séu reyndar alætur, nokkuð sem gerir þeim kleift að lifa af hér í þessu harðbýla landi. Fuglinn er árs-tíðabundin fæða og bjargfuglinn kemur bara í land yfir varptímann. Tófan hefur þó ýmis ráð til þess að verða sér úti um æti yfir vetrartímann, þá helst hræ eða eitthvað sem rekur á fjörur hennar og svo er hún liðtæk í berjamó.“

– Hvað varð til þess að þú ákvaðst að verða líffræðingur?

„Ég ætlaði nú upprunalega að verða dýralæknir“, segir Ester og hlær. „En ég var sein að ákveða mig og ákvað að fara í líffræðina til að eiga auðveldara með að komast í dýralæknanámið. Svo bauðst mér starfið á Hornströndum eftir tveggja ára nám í líffræði og eftir það vissi ég hvað ég vildi verða.“

Einstakt refasetur með mikla möguleika

– Nú er ætlunin að setja á stofn refasetur í Súðavík, segðu mér aðeins frá því.

„Hugmyndin er komin frá leiðbeinanda mínum, Páli Hersteinssyni, sem hefur verið að vinna með íslenska melrakkann frá því á áttunda ára-tugnum. Ég fékk sem sagt hugmyndina að láni frá honum og hef gengið með hana í maganum í tvö ár. Ég var flutningsmaður tillögunnar á ferðamálaráðstefnu sem haldin var í Hömrum á Ísafirði fyrir tveimur árum. Hugmyndin vakti athygli og áhuga og þar með fór boltinn að rúlla.“

Atthagafélagið í Súðavík hafði samband við okkur og bauð okkur að setja upp setrið í Eyrardalsbænum í Alltafirði sem verið er að gera upp. Við nánari athugun kom í ljós að húsið er mjög hentugt fyrir melrakkasetrið. Staðsetningin er alveg frábær og býður upp á mikla möguleika samfara því að setrið vex og dafnar. Ekki spillir fyrir að maður sér yfir Djúpið á Snæfjallaströndina og veit af Hornströndum þar fyrir handan. Svo er fjallshlíðin og fallegir dalir bakvið húsið, sem býður upp á smá nábyli við refinn.

Það er mikill hugur í mönnum í Súðavík að koma þessu upp og við ákváðum því að slá til og stofna fyrirtæki utan um starfseminu núna strax í september. Fyrirtækið verður einkahlutafélag og gefst mön-

um kostur á að gerast hluthafar, þannig viljum við fá sem flesta með okkur í verkefnið. Í setrinu verður hefðbundin sýning á tófunni og öllu sem henni tengist, t.d. saga veiðanna, refaræktin, villta tófan, líffræðin og samanburður við tófuna erlendis. Þarna mun fara fram fræðsla ásamt lifandi sýningu með aðstoð nýjustu tækni. Einnig erum við að byggja upp vefsíðu sem verður opnuð á undan setrinu sjálfu, þar sem húsið verður ekki tilbúið strax.

Auk fræðslu höfum við áhuga á samstarfi við Háskóla Íslands, náttúrustofur og erlenda aðila við að koma að rannsóknum á tófunni. Melrakkasetrið mun bjóða upp á svo marga möguleika sem gerir þetta enn meira spennandi. Það eru stórar hugmyndir í gangi og vonandi að maður geti komið þeim í framkvæmd sem fyrst.“

– Er mikil eftirvænting í Súðavík fyrir setrinu?

„Já það ríkir eftirvænting meðal heimamanna, ekki síst því þar er verið að byggja upp ferðaþjónustu og hver sú afþreying sem býðst er af hinu góða því það eykur aðdráttaraflid á staðnum.“

Refasetrið er einstakt því að það ekki til slíkt setur um íslensku tófuna og eftir því sem ég best veit er ekkert slíkt erlendis heldur en það er sama tegund sem lifir á norður heimskautasvæðunum. Erlenidir aðilar sem ég hef talað við hafa því sýnt þessu verkefni mikinn áhuga. Á setrinu verða sýndir ýmsir gripir sem tengjast melrakkannum á einhvern hátt. Ég hef fengið upplýsingar um muni frá grenjaskyttum eins og byssur og gildir auk þess sem mikið er til af myndum. Þessu þarf öllu að safna saman og finna hvernig best væri að sýna þetta.“

Fyrsta landspendýr Íslands

„Melrakkasetrið býður upp á samstarfsmöguleika við grunnskóla og framhaldsskóla en það er ekki til mikið kennslufni um vistfræði almennt. Refurinn er líka fyrsta landspendýrið því hann dagur uppi á Íslandi eftir ísöld. Því hefur verið talað um að refurinn sé hið eina alíslenska landdýr. Hann var eina dýrið sem var

til staðar þegar landnámsmennirnir komu til Íslands og kölluðu þeir hann melrakka. Hagamúsinn kom líklega með fyrstu mönnum hingað og hefur hún fylgt okkur alla tíð síðan, svo að hún er þó nýrri á Íslandi en refurinn.“

– Eyrardalsbærinn hefur líka merka sögu ekki satt?

„Jú, en ég verð að viðurkenna að ég þekki þá sögu ekki eins vel og ég vildi. Ég veit þó að Eyrardalurinn og bæjarstæðið þar hafa mjög merka sögu. Þar bjó til dæmis Jón Indíafari fyrir mörg hundruð árum. Eyrardalsbærinn sem verið er að endurbyggja nú var byggður fyrir aldamótin 1900. Það er á skrá hjá húsafríðunarnefnd og er gert upp samkvæmt þeirra reglum og kröfum. Húsið sjálft var byggt af ríkum manni og var mjög flott hús á sínum tíma. Það var ríkulega búið húsgögnum og þar var einnig ofnakerfi með hita í hverju herbergi svo það var mjög stæðilegt hús. Í gegnum tíðina var þar rekið bakari og verslun sem reyndar var í útbyggingu við hlið hússins.“

Eyrardalsbærinn er á milli nýju og gömlu byggðarinnar og stendur á svokallaðri torfu sem er hár kantur og því stendur húsið vel á vígi gagnvart snjóflóðum. Vegna þess hvað húsið stendur hátt er mjög gott útsýni af bæjarstæðinu yfir fjörðinn. Við höfum áhuga á því að kaffihús verði rekið í húsinu samhliða refasetrinu. Í teikningum er gert ráð fyrir sólpalli sem hugsanlega yrði yfirbyggður fyrir gesti kaffihússins en þaðan er útsýni upp til fjalla og út allan fjörðinn.“

– Er markaðshópurinn erlendir ferðamenn eða íslenskir?

„Við vonumst nú til að setrið nái athygli allra. Erlenidir ferðamenn eru kannski betur að sér varðandi hvað tófan er fágæt en Íslendingar hafa líklega meiri áhuga á sögunni. Ég hef í það minnsta orðið vör við það útlingar hafi sýnt mikinn áhuga á íslensku tófunni. Við reyndum í samstarfi við Vesturferðir að bjóða upp á refaskoðunarferðir á Hornströndum en vegna tímaskorts datt það upp fyrir. Ég held samt að það sé góð hugmynd því það að sjá refi úti í náttúrunni er oft hápunkt-

ur ferðarinnar hjá bæði erlendum og innlendum ferðamönnum. Við munum því halda áfram að þróa slíkar ferðir og í framtíðinni bjóða leiðsögn í samstarfi við ferðaskrifstofur. En það geta ekki allir farið í svona ferðir, hinsvegar geta allir komið á refasetrið.“

Mesti þéttleiki íslenska stofnsins á Vestfjörðum

– Er refastofninn á Vestfjörðum mjög stór miðað við annars staðar á landinu?

„Þetta er sami stofninn alls staðar á landinu en mesti þéttleikinn er á Vestfjörðum og þá væntanlega í tengslum við fuglabjörgin. Einnig er þetta dýr sem leitar niður að strönd þar sem vetrarfæðan er að mestu fengin í fjörunni og mesta strandlengja landsins er náttúrulega á Vestfjörðum ef maður mælir það í metratali. Mesta fæðu fyrir tófuna miðað við flatarmál er því líklega að finna fyrir vestan.“

Það er líka merkilegt að algengast sé að tófunar á Vestfjörðum séu af mórauða afbrigðinu sem er annað tveggja litarafríðga refsins en hitt er hvítt. Einhvers staðar las ég það að milli 80-90% heimsskautarefa í heiminum séu af hvíta afbrigðinu. Fræðimönnum sem ég kynntist úti í Noregi, sem bæði voru heimamenn og frá Kanada, þótti það mjög merkilegt að sjá svona mikið af myndum af mórauðu tófunni þar sem þeir höfðu mest séð af hvítum. Um landið í heild er mesta hlutfallið af mórauðum tófum á Vestfjörðum en meira af hvítum á hálendinu og á austanverðu landinu. Um sama dýrið er þó að ræða og geta mórauðir refir alveg getið af sér hvít afkvæmi því hvíti liturinn er víkjandi en mórauði ríkjandi.

Það að mest sé af mórauðum tófum á Íslandi gerir íslenska refinn enn fágætari. Íslendingar taka þó, að ég held, tófuna sem sjálfsagðan hlut þar sem þær hafa alltaf verið hér og þykja ekkert merkilegar. En þetta er mjög merkilegt dýr á heimsvísu. Þó að hún sé ekki í útrýmingarhættu þá er þetta fágætt dýr og erfitt að nálgast það á öðrum svæðum, eins og þeim heimskautasvæðum þar sem tófan heldur

„Það að mest sé af mórauðum tófum á Íslandi gerir íslenska refinna enn fágætari. Íslendingar taka þó, að ég held, tófuna sem sjálfsgöðan hlut þar sem þær hafa alltaf verið hér og þykja ekkert merkilegar.“

á Íslandi

sig.“

Harður heimur

– Nú segja menn að tófan sé afar spök á Hornströndum og virðist ekki óttast menn, er þetta gæft dýr að eðlisfari?

„Á Hornströndum hefur tófan verið friðuð frá árinu 1996 og það virðist gerast mjög fljótt að hún spekist. Það er einmitt ein ástæðan fyrir því að refaskoðunarferðir væru mögulegar á þessu svæði ef friðunin heldur áfram. En þær tófur sem við sjáum utan friðlandsins eru nú yfirleitt snöggar að láta sig hverfa þegar þær sjá menn.“

– Er þetta greint dýr?

„Ég veit það ekki, samíska heitið yfir ref í Noregi þýðir heimski hundurinn og rauðrefurinn sem þar er algengari er talinn vera lævisari. Það eru miklar sögur hér á landi um hversu lævis og gáfuð tófan sé, en ég held að það sé bara lífsbjargarviðleitni hjá henni. Og kannski er þessi speki í henni á Hornströndum dæmi um það að hún sé nú ekkert svo gáfuð. Þetta eru bara dýr sem eru ekki að velta hlutunum mikið fyrir sér heldur afla fæðu og reyna að lifa af. Þetta er harður heimur og þar sem þeir eiga í samkeppni við nágranna verða að hafa fyrir því að halda sínu svæði. Refaparið heldur saman og ver yfirráðasvæði sitt sem er grundvöllur þess að þau geti komið upp yrðlingum.“

Tófunar nota lykt til þess að merka svæði sín og ég hef séð ref snarstoppa er hann kemur að landamærum þó að mörkin séu ekki sjáanleg fyrir okkur. Það er því mikil virðing borin fyrir svæðum annarra en það þarf að halda því við og er mikilli orku eytt í það.

Tímgunartímabil tófunnar er síðla vetur og læðurnar gjóta snemma á vorin þegar fuglinn er kominn og nýmeti er að fá. Yrðlingarnir eru svo bundnir við grennið í um það bil tvo mánuði meðan læðan mjólkur þeim. Síðla sumars eru svo yrðlingarnir farnir að þvælast út um allt og það er gjarnan á þeim tíma sem fólk segir manni að það hafi séð heilu hópana af tófum. Það eru þá oftast yrðlingar úr sama goti á ferð.“

– Hversu margir yrðlingar koma í hverju goti?

„Meðaltal á Íslandi er frekar lágt um 5-6 yrðlingar. En á læmingjasmæðum erlendis er meðaltalið miklu hærra, þó er yfirleitt ekki gotið nema þegar læmingjar eru í hámarki en það er á nokkurra ára fresti. Það sem einkennir lífshætti tófunnar hérlendis er stöðugleiki fyrst og fremst. Hér er gotið hvert ár og eins eru yrðlingarnir stærri og færri en eiga sér meiri lífsmöguleika en á læmingjasmæðum. Hér er heldur engin samkeppni við rauðrefi eða önnur stærri rán-dýr. Það er þó mikilvægt að rannsaka þetta allt miklu betur, eins og hvenær þeir fara að heiman og hvert og hver tengslin eru við heimasvæðið ásamt fleiru.“

Það er til miklar sögur um tófuna og margir með skoðanir en lítið hefur verið rannsakað. Við gerðum tilraun til að setja senditæki á dýr 1998 en það fór úr skorðum þar sem tækin biluðu. Það er mjög dýrt og mikil vinna að baki svona rannsóknum. Maður þarf að spekja dýrin til að hægt sé að veiða þau og koma tækjunum á þau. Svo eru tækin sjálf dýr sem og reksturinn af þeim. Með tilkomu Melrakkasetursins og samstarfi við Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða, komumst við vonandi í samstarf með alþjóðlegum rannsóknahópum sem myndi kannski gefa möguleika á dýrari rannsóknum. Þær yrðu þá líka gerðar yfir lengra tímabil. Hér á Íslandi gerum við rannsóknir fyrir eitt og eitt ár, en erlendis er ekki tekið mark á skammtímarannsóknum. Styttri rannsóknir eru jú gerðar en þær eru yfirleitt nokkurra ára rannsóknir.“

Vestfirðir góður vettvangur fyrir rannsóknir

– Er ekki langt síðan byrjað var að spá í tófunni á fræðilegan hátt?

„Lengstu rannsóknirnar hafa verið gerðar á vegum veiðistjóraembættisins þar sem grenjaskyttur hafa skilað af sér hræjum sem eru krufin. Þannig fást upplýsingar t.d. um aldur og fjósemi, stærð og þyngd. Samhliða þessu eru gefnar upp upplýsingar um veidd dýr og hægt er að meta stofnstærðina út frá því. Þetta



Flotbryggja fauk og eyðilagðist

Flotbryggja sem siglingaklúbburinn Sæfari á Ísafirði hefur notað fyrir barna- og unglíngastarf félagsins fauk í miklu hvasvídri í síðustu viku og er talin ónýtt. Þá fauk landgangur að flotbryggju við Edinborgarhúsið í sjóinn, en skemmdir munu vera litlar sem engar. Þær upplýsingar fengust hjá Lögreglunni á Vestfjörðum að garðatrampólín, sem hafa notið gríðarlegra vinsælda víða um land, hafi fokið eins og iðulega gerist í hvasvídrom. Þá losnuðu klæðningar af einhverjum húsum.



Nemendum fjölga

Tónlistarskóli Ísafjarðar var settur við formlega athöfn í Hömrum í síðustu viku. Tæplega 300 nemendur eru skráðir í skólann og er það talsverð fjölgun frá því í fyrra. „Í einkatíma eru skráðir í kringum 280 nemendur. Einnig erum með tvær lúðrasveitir og kóra hjá okkur svo allt í allt eru þetta um 400 nemendur sem við erum með“, segir Sigríður Ragnarsdóttir skólustjóri TÍ.

eru dýrmæt gögn sem safnast hafa í gegnum tíðina, en um það bil 30 ár eru síðan þetta hófst. Páll Hersteinsson hefur séð um þessar og aðrar rannsóknir á íslenska melrakkannum. Hann gerði m.a. rannsóknir á lífsháttum, fæðu og yfirráðasvæðum í Ófeigsfirði á áttunda áratugnum. Allt sem er vitað kemur frá þessum rannsóknnum sem ég hef nefnt en það hafa ekki verið gerðar svona langtímarannsóknir síðan.

Við vorum tvær sem unnum við rannsóknirnar í Hlöðuvík 1998 og söfnuðum við gögn um atferli yrðlinga og fullorðinna dýra við greni. Ekki hefur verið unnið að fullu úr þeim gögnum. Ég vann þó BS ritgerðina mína um samskipti yrðlinga og foreldra á grenjum úr þessum gögnum. Svo voru skrifaðar greinar um fuglalíf í Hlöðuvík, sem birtist í Blika og um refina á Hornströndum, sem birtist í Náttúrfræðingnum. Undanfarin sumur hefur hópur unnið að rannsóknnum í Hornvík, þetta eru vísindamenn frá Háskólunum í Tel Aviv í Ísrael, Stokkhólmi í Svíþjóð, frá Norsk Polar Institut Tromsø í Noregi og frá Háskóla Íslands. Þetta eru lífeðlisfræðilegar rannsóknir þar sem t.d. er kannað hversu mikla orku hvort foreldri notar við að koma upp yrðlingum miðað við fjölda í goti, þyngd þeirra og stærð svæðisins. Það er ekki búíð að ljúka úrvinnslu úr þessum athugunum en Náttúrufélag Vestfjarða kemur meðal annars að þessu verkefni.

Einfaldasta og ódýrasta leiðin til þess að rannsaka dýrin er vöktun en hún ætti að fara fram í Hornvík þar sem þéttleikinn er mestur. Ef hægt væri að koma á fastri vöktun þar um nokkurra árabíl, þyrfti ekki svo mörg ár til viðbótar til þess að það sé komin sæmleg góð tímaseríu því nú þegar eru til gögn frá rannsóknarhópnum sem var nefndur áðan og okkur íslendingunum, sem hægt væri að tvíanna saman. Þá yrði tólfan skoðuð í samhengi við fuglalíf og fengist þá einhver mynd af kerfinu á því svæði. Það er draumurinn að hægt sé að koma á vistkerfarannsókn í framtíðinni og Hornvík hentar mjög vel til þess, ásamt reyndar fleiri svæðum. Það er góður vettvangur hér vestra fyrir rannsóknafólk.“

Ætlar ekki að finna upp hjólið

– Er það bara refurinn sem dregur þig vestur eða ertu ættuð héðan?



„Nei ég er því miður ekki ættuð héðan, það eru í raun Hornstrandir og tófan sem dregur mig hingað. Svæðið hefur aðdráttarafl fyrir marga og þar á meðal mig.“

– Myndir þú þá flytja til Vestfjarða til þess að gerast forstöðumaður refasetursins?

„Ég er nú ekki farin að hugsa svo langt. Það eru u.þ.b. tvö ár þar til húsið verður tilbúið. En ef ég yrði fengin til þess að stýra því væri náttúrlega ekki hægt að gera það öðruvísi en að flytja. En maður þarf að geta búíð við starfsöruggi til þess að flytja með heila fjölskyldu, og ef það væri til staðar þá myndi ég skoða það mjög alvarlega.“

– Hvað mun refasetrið bjóða upp á mörg störf?

„Við erum að gera áætlun um stofnun og rekstur þess og til þess að faglega sé unnið í setrinu þarf sérfræðimenntaðan aðila með tengsl við háskóla og náttúrufélag. Við óskum eftir það að fá forstöðumann í fulla stöðu allt árið. Það yrði ekki bara sýning sem færir þarna fram heldur er margt sem fylgir þessu, vinna þarf áætlunargerðir, styrkumsóknir og önnur störf. Ef þar færu fram rannsóknir myndu fylgja því greinarskrif yfir vetrartímamann. Síðan væri þörf á starfsmönnum til þess að setja upp sýningar, sjá um tæknibúnað og þess háttar auk þess sem menn er að vinna við að setja setrið upp. Að sjálfsögðu þyrfti svo fólk til þess að vinna á setrinu. Bjart-sýnasta vonin er sú að við myndum fá 25% af þeim ferðamönnum sem koma til Vestfjarða yfir sumarið, þá erum við að tala um að ca 200 manns myndu heimsækja setrið á dag að meðaltali. Það þyrfti því áreiðanlega 2-3 starfsmenn í fullt starf yfir sumartímamann. Einnig þarf að reka kaffihúsið auk þess sem ýmis hliðarverkefni fylgja

setrinu, ýmis hönnun, gagnaðöflun fyrir sýningu o.s.frv. Þetta er allavega það sem ég vona að muni koma í kjölfarið.“

– Það má segja að um frumkvöðlastarf sé að ræða með uppsetningu melrakkasetursins þar sem það er það fyrsta síns eðlis ekki satt?

„Jú að sumu leiti er það svo. Það hefur þó verið að koma upp setrum hér og þar um landið. Ég hef rætt við fólk sem hefur staðið í mun meira frumkvöðlastarfi og fengið góð ráð hjá þeim. Þá er ég að tala um setur eins og Galdrasýninguna á Ströndum, Sauðfjársetur á Ströndum, selasetrið á Hvammstanga og svo Hvalamiðstöðin á Húsavík. Ég hef verið svo heppin að fá ráðgjöf hjá góðu fólkum sem hefur gengið í gegnum þetta allt og rekið sig á og ég nýt góðs af þeirra reynslu. Ég ætla því ekki að finna upp hjólið“, segir Ester og brosir.

„Það er búíð að finna það upp. Ég hef trú á að setrið geti vaxið og dafnað. Ég vil endilega koma því á framfæri að Melrakkasetrið verður stofnað 15. september og ég vil hvetja alla sem hafa áhuga á því að koma að því á einn eða annan hátt að hafa samband. Hvort sem það til þess að gerast hluthafar, sem mun ekki kosta mikið, eða lána muni sem gætu nýst okkur eða hvað sem er. Súðavíkurhreppur hefur veg og vanda að uppbyggingu hússins og ég verð tímabundið í setursmiðinni núna en mun svo fara að sinna mínu námi. Ég kem svo aftur til að fylgja þessu eftir svo það er um að gera að hafa samband, það á við um alla þá sem vettlingi geta valdið og hafa einhvern áhuga á þessum málaflokki“, segir Ester með bros á vör og Bæjarins besta óskar henni alls hins besta við uppsetningu þessa áhugaverða seturs.

– thelma@bb.is



Ljós: Daniel Bergmann.

Stofnfundur Melrakkaseturs Íslands

Fyrirhugað er að stofna félag um söfnun muna og sýningu á munum er tengjast melrakka (tófu). Safnið verður til húsa í Eyrardalsbænum í Súðavík.

Stofnfundurinn verður haldinn 15. september nk. kl. 14:00 í Samkomuhúsi Súðavíkur.

Tilgangur félagsins er söfnun muna, utanumhald og sýning á munum er tengjast melrakka (tófu). Í því felst rekstur á sýningaraðstöðu í Súðavík og önnur skyld starfsemi.

Melrakkasetri er ætlað að vera fræðasetur um íslenska melrakkann þar sem safnað verður á einn stað þeirri þekkingu sem honum viðkemur í fortíð og nútíð. Á setrinu verður m.a. sett upp sýning fyrir ferðamenn. Þar mun verða á boðstólum fræðandi efni í máli og myndum um refi í náttúrunni, hérlendis sem erlendis, refarækt og refaveiðar. Melrakkasetur Íslands verður til húsa í Eyrardalsbænum í Súðavík.

Á stofnfundinum verða samþykktir Melrakkaseturs Íslands bornar upp til samþykktar og kosin verður stjórn fyrir félagið.

Á stofnfundinum verður mögulegt að skrá sig fyrir hlut í hlutafélaginu. Hlutfélagsgjöld er að upphæð kr. 2.000.000.- Hlutfélagsgjöld skiptist í jafna hluti og er hver hlutur að fjárhæð kr. 10.000.- að nafnvirði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

Áhugasamir eru hvattir til að mæta á fundinn. Nánari upplýsingar veitir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

Á fimmta tug tillagna um nýtt byggðarmerki

Alls bárust 42 tillögur um nýtt byggðarmerki fyrir Ísafjarðarbæ í opinni samkeppni sem sveitarfélagið efndi til. Fimm manna nefnd um merkið mun hefja valferlið á næstu dögum og er þess ætlast að nefndarmenn ljúki störfum í október. Dómnefnd skipa Ellert Örn Erlingsson, Þingeyri, Jóhanna Kristjánsdóttir, Flateyri, Jóhann Bjarnason, Suðureyri, Kristjana H. Jónasdóttir, Ísafirði, og Kristín Völundardóttir, sýslumaður á Ísafirði sem er formaður dómnefndar.



Ísafjarðarhöfn.

Verður Ísafjarðarhöfn þjónustumiðstöð fyrir námufyrirtæki?

Hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, Guðmundur Kristjánsson, hefur átt í viðræðum við fulltrúa fyrirtækis sem hyggur á námuvinnslu á Austur-Grænlandi um að Ísafjarðarhöfn verði þjónustumiðstöð fyrir fyrirtækið. Fulltrúar Wardrop Mining and Minerals komu til Ísafjarðar á dögum til að skoða aðstæður, en fyrirtækið er komið með 15 ára námuvinnsluleyfi í Scoresbysundi

þar sem á að vinna salla til framleiðslu á ryðfríu stáli. Meðan á uppbyggingu vinnslunnar stendur þarf námufyrirtækið að koma sér upp aðstöðu á Íslandi til að byrgja sig upp af tækjum og tólum, aðallega þungavinnuvélum. Þá þarf fyrirtækið að hafa aðgang að góðum vélsmiðjum til að vinna við hin ýmsu tæki og viðhald og vinna við nýsmíði á færiböndum. Því er

hér um að ræða verkefni fyrir Ísafjarðarhöfn, flutningafyrirtæki, vélsmiðjur og fleiri þjónustuaðila. Fulltrúar fyrirtækisins eru að skoða aðrar hafnir á Íslandi, í Hafnarfirði og á Akureyri, sem einnig koma til greina. Gert er ráð fyrir að þeir muni ákveða í framhaldi af heim sókn þeirra til Ísafjarðarbæjar hvaða höfn verður fyrir valinu. Á síðasta fundi atvinnu-

málanefndar lagði Kári Þór Jóhannsson fram tillögu um að ráðinn verði starfsmaður til að markaðssetja og selja Ísafjörð sem þjónustumiðstöð fyrir Austur-Grænland. Þá lagði hann til að leitað verði stuðnings ríkisstjórnar um aðkomu að málinu. „Markhópur þjónustumiðstöðvarinnar eru ferðamenn, námuvinnslufyrirtæki, flug, skipaferðir, landanir skipa o.fl.“, segir í tillögu Kára.

Póllinn með umboð fyrir Vodafone

Verslunin Póllinn á Ísafirði hefur tekið að sér hlutverk umboðsaðila fyrir vörur og þjónustu Vodafone í bænum. Ísafirðingum stendur fjölbreytt fjarskiptabjónusta til boða hjá Vodafone; GSM þjónusta, heimasíma- og netþjónusta. Að auki býður Póllinn nú upp

á úrval símtækja og annast dreifingu netbúnaðar. Með þessari auknu þjónustu við Ísafirðinga vill Vodafone ýta undir enn frekari samkeppni á fjarskiptamarkaði í bænum. Nú þegar hafa bæjarbúar notið góðs af samkeppninni og skemmst er að minnst

mikillar verðlækkunar á ADSL þjónustu í kjölfar þess að Vodafone hóf að bjóða síka þjónustu í bænum. Hjá Pólnum er einnig hægt að nálgast myndlykla fyrir Digital Ísland, stærsta dreifikerfi á Íslandi fyrir sjónvarps-efni, en Digital Ísland er í eigu

Vodafone. Á undanföllum mánuðum hefur mikil uppbygging á kerfinu átt sér stað og meðal annars hefur framboð sjónvarpsstöðva stórukaist víða á landsbyggðinni. Póllinn hefur um árábil verið umboðsaðili Digital Ísland. *bb@bb.is*

Eini skólinn sem býður upp á gjaldfrjálsa afreksbraut

Í vetur munu 33 nemendur við Menntaskólann á Ísafirði stunda nám á afreksbraut í átta íþróttagreinum. Brautin er rekin með fjárhagsstuðningi fyrirtækja og velunnara Menntaskólans. Stuðningurinn gerir nemendum við skólann kleyft að stunda nám á brautinni

þeim að kostnaðarlausu og er MÍ eini framhaldsskólinn á landinu sem býður svo vel. Tveir aðrir framhaldsskólar á landinu bjóða upp á afreksbraut, Fjölbrautarskóli Suðurlands og Fjölbrautarskóli Suðurnesja. Þessir tveir skólar sjá þó ekki um rekstur brautar-

innar, heldur kostar námið fyrir hvern nemenda frá 60-90 þúsund krónum á önn og er rekið sem einkahlutafélag í samvinnu við skólana. Hermann Nielsson er umsjónarmaður afreksíþróttabrautar Menntaskólans á Ísafirði. Hann segir ljóst að braut-

in sé í mikilli sókn „Við erum að bjóða uppá tvær nýjar greinar í ár, kajakróður og afreksíþróttir fatlaðra. Það er frábært að við séum komin með 33 nemendur, það eru rúm 10% skólans“, segir Hermann. *– gunnaratli@bb.is*

Mannekla hjá lögreglunni

Lögregluna á Vestfjörðum vantar starfsmenn og auglýsir nú eftir skólaköngnum mönnum í tvær stöður. „Í dag vantar okkur tvo lærða menn. Það hefur alltaf verið mikil starfsmannavelta hjá okkur, rétt eins og í öllum Ísafjarðarbæ. Menn fara suður og mennta sig, en koma svo ekki aftur því auðvitað vilja menn vera í Reykjavík þar sem allt er að gerast“, segir Önnundur Jónsson yfirlögregluþjónn. Hann segir léleg laun lögreglumanna einnig ástæðu þess að erfitt sé að fá fólk til vinnu.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
 Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
 Heimasíða: www.fsv.is

 Árholt 5, Ísafirði Steinsteipt einbýlishús með tvöföldum bílskúr, samtals 197 m ² , fjögur svefnherbergi, nýtt þak og baðherbergi endurnýjað. 22.900.000,-	 Fjarðarstræti 38, Ísafirði 72 m ² mikið endurnýjuð þrjú herbergja íbúð á 2.hæð í fjölbýlishúsi. 9.500.000,-
 Lyngholt 2, Ísafirði 183 m ² einbýlishús úr timbri með bílskúr, baðherbergi endurnýjað, fjögur svefnherbergi, nýr sólpallur. 21.500.000,-	 Seljalandsvegur 56, Ísafirði 196 m ² steinsteipt einbýlishús á tveimur hæðum með bílgeymslu. Nýtt baðherbergi, gler og gluggar endurnýjaðir. 22.900.000,-
 Túngata 9, Súðavík Sumarhús í Súðavík, 113 m ² steinsteipt einbýlishús á einni hæð með stórum og fallegum garði, fjögur svefnherbergi, allt innbú fylgir. 5.200.000,-	 Stakkanes 6, Ísafirði 144,2 m ² raðhús á tveimur hæðum ásamt 29,6 m ² bílskúr. Þrjú svefnherbergi, sólstofa og glæsilegur sólpallur. 19.500.000,-
 Fjarðarstræti 27a, Ísafirði 233 m ² nýlegt parhús á tveimur hæðum með kjallara og bílskúr, fjögur herbergi. Húsið var byggt árið 2000. 27.500.000,-	 Miðstræti 10, Bolungarvík 170 m ² einbýlishús á tveimur hæðum, fjögur svefnherbergi. 11.000.000,-
 Sætin 7, Suðureyri 131 m ² steinsteipt einbýlishús á einni hæð ásamt 43 m ² bílskúr, samtals 174 m ² að stærð. Fallegur garður. 10.000.000,-	 Vitastigur 3, Bolungarvík 624 m ² verslunarhúsnæði á 1.hæð með lagaræðstöðu, kæli og frysti einnig fylgir hluti kjallara. Tilboð óskast



Menntaskólinn á Ísafirði.

Undirbúningur Act Alone 2008 hafinn

Undirbúningur fyrir leiklistarhátíðina Act alone 2008 er hafinn af fullum krafti, þó enn séu 10 mánuðir í hátíðina. Á vefsíðu Act alone segir Elfar Logi Hannesson, forsprakki hátíðarinnar, að viðræður séu hafnar við nokkra erlenda leikara, en ekkert sé þó fast í hendi enn. Stefnt er að því að fá tvær til þrjár erlendar sýningar á Act alone 2008, jafn margar og hafa verið á fyrri hátíðum. Hátíðin verður haldin 2.-6. júlí á næsta ári. Vefsíða hátíðarinnar verður virk í allan vetur en á henni má finna ýmsan fróðleik um einleikjaformið, viðtöl og greinar.

Ráða verkefnisstjóra

Ráða á verkefnisstjóra til Ísafjarðarbæjar sem á að stýra átaki í atvinnusköpun. Þetta er gert samkvæmt hugmynd atvinnuálanefndar sveitarfélagsins um samstarf ýmissa aðila á norðanverðum Vestfjörðum í þeim tilgangi að skapa allt að 50 ný störf á svæðinu á næstu tveimur árum. Á síðasta fundi nefndarinnar var rætt um þessa nýju stöðu, ráðningartíma og hvaða launakjör sé hægt að bjóða. Nefndin samþykkti að auglýsa starfið valkvætt þannig að hægt sé að ráða einstakling beint í starfið. Annar kostur í stöðunni er að ráðgjafafyrirtæki standi starfið til boða, gegn því að það verði staðsett í Ísafjarðarbæ.

Ný upplýsingaskilti á stoppistöðvum

Ný upplýsingaskilti á biðstöðvum almenningsamgöngukerfis Ísafjarðarbæjar hafa litið dagsins ljós. Tveir af hönnuðunum á bak við skiltin, Stefán Pétur Sólveigarson og Hörður Lárusson, voru staddir á Ísafirði í síðustu viku og voru þeir afar ánægðir með útkomuna. Skiltin eru hluti af nýju útliti almenningsamgöngukerfis Ísafjarðarbæjar en markmiðið er að gera merkingar á almenningsamgöngum aðgengilegri og greinilegri fyrir bæði heimamenn og ferðafólk. Mikil hönnunarvinna liggur að baki nýja útlitinu og segja þeir Stefán og Hörður að reynt hafi verið að hafa skemmtileg smáatriði í umgjörð kerfisins.

„Ramminn um skiltin á stoppistöðvunum er til dæmis með litlu þaki, sem er visun í



Stefán og Hörður við upplýsingaskilti á stoppistöðinni í Pollgötu á Ísafirði.

húsbökun í Ísafjarðarbæ“, segir Hörður. „Svo er merki kerfisins formað á hlíð rammans, þannig að hann er alveg einstakur fyrir þetta sveitarfélag. Upplýsingakerfið er mjög sveigjanlegt og hægt er að breyta upplýsingunum í

römmunum á fljótlegan og ódýran hátt.“

I hverjum ramma er pláss fyrir litla mynd eða texta sem hægt er að breyta reglulega. „Þannig er hægt að hafa þarna ljóð eftir bæjarbúa, eða myndir af bæjunum eða umhverfi

þeirra“, segir Hörður. Þeir félagarnir unnu á sínum tíma að gerð vegpresta sem settir voru upp á Ísafirði á síðasta ári. Stefán segir að önnur bæjarfélög mættu taka Ísafjarðarbæ sér til fyrirmyndar í þessum efnum. Útlitshönnun almenningsamgöngukerfis og sérstakir vegprestar sem tengjast umhverfinu séu smáatriði sem skipti máli þegar litið er á heildarmyndina.

Það er ísfirski fyrirtækið Ýmislegt smálegt ehf. sem stendur að verkefninu fyrir Ísafjarðarbæ. Annar eigenda Ýmislegs smálegs, Greipur Gislason, hefur haft umsjón með verkefninu, en fyrirtækinu var falið verkefnið í kjölfar útgáfu þess á póstkorti sem sýnir almenningsamgöngukerfi Ísafjarðarbæjar og nágrennis í búningi neðanjarðarlestakerfa stórborga heimsins.

– tinna@bb.is



Mikið var lagt í smáatriði á skiltinu.

Dansk
Julefrokost 2007
í Danmörku

Flugfar og gisting
Julefrokost með
skemmtun og dansi

Frekari upplýsingar á
www.fylkir.is
Sími 456 3745

Fylkir.is
REKJÓTTUR

Átta þúsund manns heimsóttu Byggðasafnið

Mikil fjölgun er í gestakomum á Byggðasafnið í Neðstakaupstað á Ísafirði í sumar. Um 8000 manns hafa heimsótt safnið það sem af er sumri, en síðasta sumar voru gestir safnsins rúmlega 7000 talsins. Þess ber að geta að sumarið er ekki búið á safninu, enda eiga enn eftir að koma fáein skemmtiferðaskip til Ísafjarðar og verður safnið opið til 15. september. Eftir það er opið eftir samkomulagi. „Þetta er búið

ad vera finasta sumar“, segir Jón Sigurpálsson safnvörður og á þá ekki aðeins við veðrið, sem var með eindæmum gott í júní og júlí.

Hjá safnvörðinum Birni Baldurssyni fengust þær upplýsingar að meirihluti gesta safnsins eru útlendingar. „Hingað koma útlendingar í miklum meirihluta, Íslendingar eru einungis um 20% gesta safnsins.“

– tinna@bb.is



Byggðasafnið í Neðstakaupstað.

STAKKUR SKRIFAR

Tekjur samfélagsins

Fróðlegt hefur verið að fylgjast með orðaskiptum talsmanna sveitarfélagna annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar um fjármagnstekjuskattinn, sem skilar æ meiri tekjum í ríkissjóð með ári hverju. Sveitarfélögin mæna löngunaraugum á þessa miklu tekjulind og vilja fá sinn skerf. Ríkið vill halda sínu en nefnir að skipta megi tekjuskatti og virðisaukaskatti með öðrum hætti en nú er. Væntanlega þýðir það að sveitarfélögum sé þá ætlað að fá meira í sinn hlut.

Fjármagnstekjuskattur hefur verið umdeildur frá því hann kom til. Mörgum stjórnmalamaninum þótti skatturinn fráleitir og til þess eins fallinn að hygla þeim ríku. Út af fyrir sig er það sjónarmið skiljanlegt. En það eru miklu fleiri sem njóta góðs af en þeir ríku einir. Almennigur sem eignast hlutabréf í fyrirtækjum eða á sparifé í banka, nú eða sparisjóði nýtur einnig góðs af. Sumum reynist erfitt að skilja að þeir sem eiga meira og þéna meirra borga líka meira, þótt hlutfallið sé það sama. Stjórnmalamenn hafa margir hverjir ekki skilið núverandi tekjuskattskerfi sem gefur að sjálfsögðu stighækkandi skatt eftir því hve tekjur eru háar. Því stýrir persónuafslatturinn.

Fjármagnstekjuskattur er einfaldur flatur skattur sem tryggir samfélaginu tekjur af eignatekjum fólks, það er að segja þeim arði sem ákveðnir fjár-

munir skila til eigenda sinna. Er þar um að ræða hlutafé, bankainnistaður og skuldabréfaeign svo fátt eitt sé talið. Áður giltu þær reglur að skattþegnar máttu eiga þess háttar eignir upp að ákveðnu marki, án þess að að greiða af arði þeirra tekjuskatt, sem að sjálfsögðu er langleiðina í það að vera fjórfalt hærri en fjármagnstekjuskatturinn.

Almennigur jafnt og aðrir hefur hag af því að núverandi kerfi gildi áfram, því það gerir mönnum fýsilegra að eiga fjármuni og hafa af þeim tekjur heldur en ef sú regla yrði viðhöfð að að skattleggja allt yfir ákveðinni fjárhæð með sömu prósentutölu og launatekjur. En umræðan hefur ekki snúið að þessum sjálfsögðu og einföldu sannindum, sem of mörgum yfirsjást heldur hvort og þá hvernig skipta skuli þessum skatti milli ríkis og sveitarfélaga.

Nú þegar fá sveitarfélögin bróðurpartinn af tekjuskatti í sinn hlut í formi útsvars sem ríkið greiðir þeim vegna þess að margir eru undir skattmörkum. En þau vantar meira vegna þess að þau verja miklu fé til verkefna sinna. Eftirtektarvert er að þau stýra því sjálf hvað er gert og hvernig verkin eru fjármögnuð. Hvað sem því líður er ljóst að taka þarf upp umræðu um skattheimtu ríkis og sveitarfélaga og leysa þann vanda sem uppi er. En fyrst og fremst verður að gæta þess að vel sé með skattfé farið.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR

FIMMTUDAGSTILBOÐ



**FERSKUR HEILL
KJUKLINGUR
AÐEINS**

**298 KR
KG**



6000 FUGLAR Í BOÐI



LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA

AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUÐ.-FIMMTUÐ. 12.00 - 18.30 HEIMASÍÐA BÓNUS ER: BONUS.IS AÐALSÍMI BÓNUS: 588 8699

Mannlífið

Smáauglýsingar

Til leigu er lítið 64m² einbýlis-hús í Hnífsdal. Leigutími er frá september til júní. Húsið er fullbúið húsbúnaði og húsgögn-um og leigist þannig. Best væri að fá einn leigjanda allan tímann en styttri tímabil koma líka til greina. Uppl. gefur Erna í síma 456 3612 og 869 4566.

Jólaleikhús! Óska eftir lítlu sýningarrými/sal fyrir jól. Ýmislegt kemur til greina. Kómediuleikhúsið og Grýlusynir í síma 891 7025.

Krabbameinsfélagið Sigurvon hvetur konur til að panta tíma í krabbameinsleit strax og þær fá tilkynningu þar um.

Haglabýssa til sölu. REMINGTON 1187 sportman, hálfsvirk, ónotuð, árs gömul, taska og skotfæri. Upplýsingar 8921688.

Til sölu Subaru Legacy 1999, ekinn 124.000 km, silfurgrár. Nánari uppl. í síma 8498045

Til sölu er kommóða með hillu og eitt náttborð, bæði hvít að lit. Selst ódyrt. Sími 456 7014.

Óska eftir trommusetti. Uppl. í síma 898 1050 Kiddi.

Dýrfinna verðlaunuð

Ísafirðingurinn Dýrfinna Torfadóttir vann tvenn verðlaun í keppni um Skartgrip ársins á Ísmóti 2007, Íslandsmeistaramóti faggreina innan Samtaka Iðnaðarins, sem haldið var í Laugardalshöll fyrir stuttu. Dýrfinna vann annars vegar verðlaun fyrir kvenskart og hins vegar fyrir karlaskart.

„Ég ætlaði ekki að trúa þessu. Það kom mikið á óvart að heyra nafnið mitt kallað upp. Fyrst fékk ég verðlaun fyrir kvenskartið. Ég ætlaði síðan að rjúka af sviðinu þegar ég var beðin um að biða og ég fékk þá líka verðlaunin fyrir karla-skartið. Það var gaman að halda uppi merki landsbyggðarinnar með þessum hætti“, segir Dýrfinna.

Flateyrarkirkja

Guðsþjónusta á sunnudaginn kemur (16. sept) kl. 14:00. Börn og fullorðnir syngja og lesa.

Spurning vikunnar

Vilt þú halda í hefðina þegar kemur að busun nemenda við MÍ?

Alls svöruðu 1.099.
Já sögðu 101 eða 9%
Nei sögðu 115 eða 10%
Alveg sama sögðu 00 eða 00%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Kafað ofan í kvótakerfið og lagt á ráðin með Tælandsferð.

Bragakaffi

Langi Mangi og Edinborg eiga að heita einu kaffihús bæjarins. Eða hvað? Þegar betur er að gáð koma í ljós fleiri kaffihús þó þau gefi sig ekki út sem slík. Og yfirhöfuð ekki sem neinskona samkomustaðir fólks (þó í raun geti þeir verið það). Eitt slíkra kaffihúsa, eða ætli kaffistofa sé ekki betra nafn, er kaffistofa Vélsmiðju Ísafjarðar. Kaffistofan er betur þekkt sem Bragakaffi, kennt við Braga Magnússon vélsmið og einn eigenda vélsmiðjunnar. Bragakaffi er fyrir löngu orðið þjóðþekkt á Ísafirði. Þar safnast kallarnir saman upp úr klukkan níu á morgnana og þegar mönnum liggur mikið á hjarta getur kaffitíminn dregist eitthvað framyfir tíuleytið. Sömu sögu er að segja í seinni kaffitímanum.

Femínisminn hefur ekki haldið innreið sína í Bragakaffi. Í þau skipti sem undirritaður hefur stungið nefinu inn til Braga og fengið nokkrar kjaftasögur beint í æð hefur ekki bólað á æðra kyninu. Það er kannski allt í lagi. Ekki er rúmt um mannskapinn. Á nokkrum fermetrum ná samt tuttugu kallar að troða sé þegar mikið liggur við. Umræðunum stjórnar svo Bragi sjálfur. Eins og þaulvanur hljómsveitarstjóri gefur hann tóninn og passar upp á taktinn. Listrænt frelsi hvers og eins er þó í hávegum haft og passað upp á að sagnalistin fái að njóta sín.

Í þá stuttu stund sem var staldrað við með myndavél í Bragakaffi bar ýmislegt á góma. Ætti ekki að koma nokkrum á óvart að orðið kvóti kom nokkrum sinnum fyrir. Einnig voru lögð drög að Tælandsferð fyrir einn af aldursforsetum þennan kaffitímamann. Og hverslags lyfjagjöf þyrfti til sú ferð næði nú örugglega einhverju risi.

– smari@bb.is




Garðar hlustar af andakt.



Feðgarnir Bragi Magg og Steinþór Bragason.



Ólarnir tveir. Annar kenndur við málerið hinn við Árbæ.



Siggi Sveins.

Teitur ráðinn framkvæmdastjóri

Teitur Björn Einarsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Eyrarodda, nýstofnaðs fiskvinnslufyrirtækis á Flateyri. „Við höfum hug á því að hefja beint flug frá Þingeyri með ferskfisk til útlanda og höfum fengið góð viðbrögð. Samgönguráðuneytið hefur tekið þessu mjög vel“, segir Teitur. Stefnt er að því að vinnsla hefjist í september og verða um 30 manns í vinnu hjá fyrirtækinu.



Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Ákveðin norðanátt með éljum, en bjart veður sunnanlands. Hiti 0 til 5 stig að deginum.

Horfur á laugardag: Lítur út fyrir áframhaldandi norðanátt og fremur kalt veður.

Horfur á sunnudag: Lítur út fyrir áframhaldandi norðanátt og fremur kalt veður

Á Ísafirði má finna fjölmörg gömul og falleg hús og á hvert og eitt þeirra langa sögu að baki. Bæjarins besta hittu eigendur eins þeirra og spurði þá fáeinna spurninga um húsið.



Sælkeri vikunnar er Haukur Sigurðsson á Ísafirði

Útlagasúpa og fjallakássa

Sælkeri vikunnar er Haukur Sigurðsson á Ísafirði. Hann býður upp á tvenns konar rétti sem eru þeim kostum búnir að hráefnið er einfalt og hægt er að elda réttina nánast hvar sem er í heiminum, með ekkert nema prímus og vasahníf að vopni. Nuba kássa ber þessa einmitt merki, enda kennd við Nuba fjöllin í Súðan. Uppskriftirnar eru ekki nákvæmar og hægt er að laga þær að því sem er til í ísskápnunum, eða bakpokanum.

og bæta kryddi saman við eftir smekk. Bætið fiskbitum, rækjum, kræklingi (eða hverju sem er í rauninni) við súpunu. Athugið að fiskurinn má ekki malla í súpunni nema í örfáar mínútur, en ágætt er að kasta rækjunum úti í þann mund sem súpan er sett á borðið.

Nuba kássa

hrisgrjón
vatn
salt
pipar
engifer
kjúklingakraftur
rauðlaukur
hvítlaukur
olía
hnetur
chili

Fiskisúpa útlagans

hvítlaukur
laukur
chili
paprikur
steinselja
salt og pipar
hakkaðir tómatar úr dós
paprikuduft
fisk- og kjúklingakraftur
fiskbitar, rækjur, kræklingur eða það sem hendi er næst

Sjóðið grjónin með salti og kjúklingateningi. Saxið rauðlaukinn og hvítlaukinn niður svissið til á þönnu með ólívuolíu. Bætið við pipar, engiferi, chili og hnetum. Þegar hrisgrjónin eru tilbúin og rauðlauksmíxið búið að malla svolítið blandið þá öllu saman og látið krauma í þrjár mínútur. Berið fram í pottinum með eins margar skeiðar og nauðsynlegt þykir. Bon appetit!

Haukur skorar á Gylfa Ólafsson að vera næsti sælkeri vikunnar.

Búa í 120 ára gömlu húsi við Tangagötu

Hrafnhildur Hafberg og Þorleifur Ágústsson hafa búið í húsi við Tangagötu á Ísafirði síðan sumarið 2004.

–Hvenær er húsið byggt?

„Árið 1888.“

–Þekkið þið sögu hússins?

„EKKI nógu vel. Kristín Alexandersdóttir átti það í mörg ár og keyptum við það eftir lát hennar, en í hugum margra er þetta húsið hennar Stínu Alexanders. Mér skilst að hún hafi búið hér í um 60 ár. Áður en hún keypti húsið bjuggu hér nokkrar fjölskyldur, í það minnsta þrjár á sama tíma.“

–Hvað er húsið stórt?

„Þetta eru rúm 100 fermetrar, þannig að það hefur verið þröngt á þingi. Síðan þá hefur innviðum hússins verið breytt töluvert því það hefur væntanlega verið hólfað meira niður en það er í dag. Við opnuðum á milli eldhússins og stofunnar og rákumst þá á hurð inni í veggnum, undir klæðningunni, þannig að herbergin hafa verið fleiri hér áður.“

Húsið er á tveimur hæðum og svo er háloft sem hefur

greinilega verið þurrkloft í eina tíð. Þar er svo lágt til lofts að það er varla manngengt. Síðan er kjallari undir húsinu.“

–Hafið þið unnið að einhverjum endurbótum á húsinu?

„Húsið var gert upp að utan á seinni hluta síðustu aldar, þá var skipt um klæðningu og nýir gluggar smíðaðir. Þegar við fluttum síðan inn tókum við smá skurk og gerðum til dæmis eldhúsið alveg upp. En við eigum eftir að vinna að frekari endurbótum á húsinu. Það á eftir að ganga betur frá gólfunum, til dæmis er teppi undir parketinu í stofunni, sem er auðvitað mjög sérstakt.“

Við rifum allt af veggjunum þegar við fluttum inn og af nánast öllum gólfum í húsinu.“

–Krefst þetta mikillar vinnu, að búa í gömlu húsi?

„Já, við tókum þetta með trukki þegar við fluttum inn, við keyptum húsið um miðjan júlí og vorum að alveg fram á haustið þegar ég byrjaði að kenna við MÍ. Eftir það hins vegar fengum við eiginlega

nóg og höfum ekki gert mikið síðan. Við höfum svo sem verið að sinna öðrum hlutum, en maður þarf virkilega að safna orku til að halda áfram. Kannski reynum við að gera eitthvað í vetur.“

–Hefur verið byggt við húsið?

„Já, við húsið er viðbygging sem mér skilst nú að hafi einhvern tíma verið verkstæði. Síðan var viðbyggingin seld frá húsinu og er sér íbúð. Það þyrfti kannski að sameina viðbygginguna og húsið aftur. Það skýtur til dæmis skókku við að þegar okkar hluti var gerður upp að utan virðast þáverandi eigendur íbúðanna ekki hafa komist að samkomulagi og því er viðbyggingin í allt öðrum stíl en gamla hlutinn. Eðlilegast væri auðvitað ef samskonar klæðning og gluggar væru á viðbyggingunni og gamla húsinu.“

–Hvernig finnst þér að búa í þessu húsi?

„Mér líður mjög vel hér. Það mætti alveg vera meira pláss til að dreifa úr sér. En hér er góður andi og gott að vera.“

–Fylgja því einhverjir gallar að búa í gömlu húsi?

„Já, já. Það er auðvitað þetta endalaus viðhald, brattur stigi og svo er húsið auðvitað lítið. En kostirnir eru hvað húsið er fallegt og á góðum stað. Umhverfið er fallegt.“

–Fylgjast nágrennamir með húsinu? Finnið þið fyrir pressu að halda því við?

„Nei, ekki sérstaklega, en sjálfsagt gerir fólk það, án þess að það sé að tala um það sérstaklega við okkur. Sumarið sem við fluttum inn var mikið opið út hjá okkur, bæði vegna flutninganna og svo vegna þess að við vorum að gera húsið upp. Þá var mikið af ferðafólki í bænum og það kom oftast en einu sinni fyrir að hingað kom fólk í pílagrímsferð að skoða húsið. Til dæmis kom hingað maður sem hafði búið í húsinu á stríðsárunum. Hann fékk að koma inn og skoða og sagði okkur frá því hvernig húsið var þegar hann bjó hér. Það er því greinilegt að margir hafa taugar til hússins og vilja fylgjast með því.“

– tinna@bb.is

Minna á breyttan útivistartíma

Lögreglan á Vestfjörðum vill minna foreldra barna og ungmenna á þá breytingu sem varð á útivistarreglunum þann 1. september, þegar útivistartími barna og ungmenna stýttist. Unglingar á aldrinum 13-16 ára mega nú vera úti til klukkan 22 á kvöldin og börn 12 ára og yngri mega vera úti til klukkan 20. Þessar reglur gilda frá 1. september til 1. maí. Lögreglan á Vestfjörðum óskar eftir samvinnu við foreldra og aðra sem vinna með

börnum og ungmennum um eftirfylgni við þessar reglur.

Þá vill lögreglan minna foreldra á orð sálfræðinganna Sæmundar Hafsteinssonar og Jóhanns Inga Gunnarssonar um uppeldi: „Reglur eru proska barna okkar eru afar mikilvægar og leggja grunn að velgengni í mannlegum samskiptum. Það er lagaleg og siðferðileg skylda okkar að kenna börnum okkar að virða lög og reglur og þekkja sín mörk í mannlegum samskiptum.“



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

Sjáumst á
Suðureyri!



Stefnir í metár í gisti- nóttum á Vestfjörðum

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum á Vestfjörðum fækkaði um rúmlega 2.000 frá 2005 til 2006. Árið 2005 var metár þar sem tæpar 40.000 gistinætur voru seldar en frá árinu 1998 höfðu þær verið á bilinu 24.000 til 31.000. Búast má við að 2007 slái það met ef marka má fyrstu fjóra mánuði ársins en á því tímabili

eru gistinætur tæplega 700 fleiri en þær voru á sama tíma fyrir tveimur árum. Frá janúar til apríl hafa verið seldar um 3.600 gistinætur á Vestfjörðum og hefur þeim fjölgað um tæplega 1.000 frá því í fyrra. Af þeim voru um 2.500 seldar til innlendra ferðamanna og tæpar 1.100 til erlenda. Gestir á þessu tímabili voru

1.890 á móti 1.460 á sama tíma í fyrra, eða 1.394 íslenskir og 496 erlendir. Hver gestur gisti því að meðaltali 1,85 nótt. Þá hefur meðal dvalarlengd ferðalanga aukist úr 1,4 nóttum árið 1998 í 1,5 nætur á síðasta ári. Þess má geta að gistinóttum á hótélum og gistiheimilum yfir allt landið fjölgaði um 18% á fyrstu fjórum

mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra.

Tölurnar hér að ofan eru fengnar frá Hagstofu Íslands, og miðast við hótél og gistiheimili, sem svo eru skráð hjá Hagstofu Íslands. Í því felst að hér eru ótaldir gistinætur og gestakomur á öðrum tegundum gististaða, eins og t.d. tjaldsvæðum. – *thelma@bb.is*



Hótél Ísafjörður.

Sex mánaða uppgjör Sparisjóðs Bolungarvíkur

Hagnaður umfram áætlanir

Hagnaður Sparisjóðs Bolungarvíkur var umfram áætlanir fyrstu sex mánuði ársins og nam hann 230 millj. kr., samanborið við 62 millj. kr. hagnað á fyrri árshelmingi 2006. Í tilkynningu frá sjóðnum segir að rekstur hans hafi gengið vel á tímabilinu. Um-
talsverð hækkun varð á fjár-
eignum sjóðsins. Stjórnendur Sparisjóðsins gera ráð fyrir að afkoma fyrir seinni hluta ársins verði góð þó svo ekki sé gert ráð fyrir sömu hækkunum á verðbréfum sjóðsins.



Sparisjóður Bolungarvíkur.

Árshlutauppgjör Sparisjóðs Bolungarvíkur er nú í fyrsta sinn byggt á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Innleiðing þeirra leiðir til breytinga á bæði mati eigna og skulda svo og framsetningu á rekstrar- og efnahagsreikningi sjóðsins. Við innleiðingu staðlanna hækkaði eigið fé sjóðsins um 114 millj. kr. Samanburðarfráfarðum vegna

ársins 2006 hefur verið breytt til samræmis við nýjar reikningsskilareglur.

Arðsemi eigin fjár bankans var 37,5% samanborið við 11,8% arðsemi á sama tímabili á árinu 2006. Hreinar vaxtatekjur lækka um 24 millj. kr. frá fyrra ári og nema nú 59 millj. kr. Hreinar rekstrartekjur bankans námu 395 millj.

kr. og hækka um 193 millj. kr. frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður á tímabilinu nemur 92 millj. kr. og hækkar um 15 millj. kr. frá fyrra ári. Virðisrýrnun útlána nam 26 millj. kr. og lækkar um 27 millj. kr. frá fyrra ári.

Heildareignir bankans námu 7.039 millj. kr. og hafa aukist um 4,6% frá árslokum 2006.

Útlán til viðskiptamanna námu 3.502 millj. kr. og hafa aukist um 1,5% á árinu. Innlán námu 3.486 millj. kr. og jukust um 10,2% á tímabilinu. Eigið fé nam 1.464 millj. kr. í lok tímabilsins og eykst um 16% á tímabilinu. Eiginfjárlutfall sjóðsins í lok júní var 20,7% en það var 24,3% í árslok 2006. – *tinna@bb.is*

Félag stofnað til að kaupa aflaheimildir?

Eignarhaldsfélaginu Hvetjanda hf. hefur verið falið að kanna möguleika á gerð viðskiptaáætlunar um stofnun almenningshlutafélags til kaupa á aflaheimildum til Vestfjarða. Hugmynd um stofnun almenningshlutafélags um kaup á aflaheimildum kom fyrst upp eftir að ákveðið var að hætta vinnslu í fiskvinnslunni Kambi á Flateyri. Frá því að hugmyndin kom upp hefur atvinnuáætlunefnd Ísafjarðarbæjar verið falið að vinna að málinu í samstarfi við Hvetjanda og athuga hvort stofnun slíks hlutafélags geti fallið að starfsemi eignarhaldsfélagsins.



Eiríkur Finnur Greipsson framkvæmdastjóri Hvetjanda mættu á fund atvinnuáætlunefndar Ísafjarðarbæjar þar sem formaður nefndarinnar rakti hugmyndina um stofnun almenningshlutafélags fyrir þeim.

„Mér var sem framkvæmdastjóri Hvetjanda, falið að leita eftir aðila til að vinna viðskiptaáætlun og finna fjármagn til verksins“, segir Eiríkur Finnur. Reynist viðskiptaáætlunin jákvæð verður næsta skref að halda stofnfund og leita eftir hlutafé frá almenningi, fyrirtækjum og Byggðastofnun.

– *tinna@bb.is*

Eins og reglur Hvetjanda eru í dag hefur félagið hámarksgetu til hlutafjarpáttöku 10 m.kr. í einstakt félag. Þeir Guðni Einarsson formaður Hvetjanda og

Sjö milljóna króna aukafjárveiting vegna uppkaupa hesthúsa

Tæknideild Ísafjarðarbæjar hefur óskað eftir aukafjárveitingu vegna fyrirhugaðra uppkaupa Ísafjarðarbæjar og Vegagerðarinnar á hesthúsum á Búðartúni í Hnífsdal. Enn hefur kaupsamningur ekki verið undirritaður en ef af kaupunum verður er gert ráð fyrir að hlutur Ísafjarðarbæjar verði ríflega 7 m.kr. og hlutur Vegagerðarinnar tæplega 27 m.kr. Hlutur Ísafjarðarbæjar

er ekki í fjárhagsáætlun ársins og því hefur verið óskað eftir aukafjárveitingu.

Kaup þarf hesthúsin upp vegna fyrirhugaðrar jarðgangagerðar milli Hnífsdals og Bolungarvíkur en ljóst þykir að þegar framkvæmdir hefjast verður ekki mögulegt að hafa hesta í húsunum. Gangi kaupin í gegn verður öll hesthúsabyggð í Skutulsfirði komin á einn stað, í Engidal. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

tekur þessu fagnandi og segir í bókun að mestu muni um framlag Vegagerðarinnar. Þá leggur ráðið til við bæjarstjórn að beiðni bæjartækni- og fræðings vegna aukafjárveitingar verði samþykkt og fjármögnun vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun ársins 2007.

Ekki hefur enn náðst niðurstaða hvað varðar skeiðvöllinn sem er einnig að Búðartúni í Hnífsdal. Ljóst þykir að annað hvort þurfi að kaupa völlinn

upp eða gera nýjan völl í Engidal. Hefur bæjarstjóra verið falið að vinna áfram að málefni skeiðvallarins. Fimm verktakar og/eða verktakahópar tóku þátt í forvali vegna jarðgangagerðarinnar í byrjun ágúst og vonast Kristján Möller samgönguráðgjafi til þess að hægt verði að byrja á gerð Óshlíðarganga í upphafi næsta árs.

– *tinna@bb.is*

Jákvæð framlegð frá rekstri

Tekjur Ísafjarðarbæjar voru 1.654 milljónir frá janúar-júlí á þessu ári. Áætlaðar tekjur sveitarfélagsins fyrir allt árið eru 2.356 milljónir króna. Gjöld án reiknaðra liða voru 1.367 milljónir króna. Þar af eru laun og launatengd gjöld 661 milljónir króna. Önnur rekstrargjöld eru 695 milljónir króna. Fjármagnskostnaður fyrstu sjö mánuði ársins er 11 milljónir. Alls er gert ráð fyrir að gjöld án reiknaðra liða verði 2.072 á þessu ári.

Fjárfestingar námu 134 milljónum króna á tímabilinu. Framlegð til afborgana og eignabreytinga var 153 milljónir króna. Framlegð frá rekstri á tímabilinu fyrir fjárfestingar og afborganir langra lána var þannig jákvæð um 287 milljónir kr. og jákvæð um 153 milljónir króna eftir fjárfestingar. Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu Þóris Sveinssonar fjármálastjóra sem lögð var fram á fundi bæjarráðs. – *tinna@bb.is*